

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Ragnars Fjalars Lárussonar prófasts.

1. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Minningarsjóðs séra Ragnars Fjalars Lárussonar prófasts eru Herdís Helgadóttir, kt. 100728-4439, Auðarstræti 19, Reykjavík og Hörður Helgason, Dr. Med., kt. 130227-2019, búsettur í Houston í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

2. gr.

Framlag. Tilgangur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4.000.000 sem stofnendur leggja fram.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) Að kynna fyrir almenningi bókasafn eða fornprent séra Ragnars Fjalars Lárussonar, sem Ríkissjóður Íslands gaf biskupsstólnum á Hólum í Hjaltadal í tilefni af 900 ára afmæli biskupsstólsins, einkum með gerð margmiðlunarefnis;
- b) Að efla bókasafnið með kaupum á frekari bókakosti og færa það safninu og biskupsstólnum til varðveislu;
- c) Að efla rannsóknir á Hólaprenti, t.d. með því að styrkja fræðimenn til rannóknastarfa;
- d) Að taka upp verðug mál sem eru sambærileg megintilgangi sjóðsins að mati stjórnarinnar.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Ábyrgð.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hann er óháður öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

Starfsemi.

Sjóðurinn er stofnaður til að standa undir tryggja vöxt og viðgang bókasafnsins sem fór að Hólum og var áður í eigu séra Ragnars Fjalars Lárussonar prófasts og vera fjárhagslegur bakhjarl þess.

Stofnféð skal ávaxta með tryggilegum hætti skv. ákvörðun sjóðstjórnar. Úthlutun úr sjóðnum er ekki eingöngu bundin við ávöxtun stofnfjár heldur er stjórninni einnig heimilt að úthluta stofnfé ef hún telur þess þörf til að ná tilgangi sjóðsins. Þó skal óskerðanlegt stofnfé nema kr. 1.000.000.

Þá getur sjóðurinn aukið höfuðstól sinn með því að veita viðtöku framlögum frá einstaklingum og lögaðilum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem stofnendur tilnefna, auk þess sem tilnefna skal einn varamann. Óska stjórnarmaður eftir að láta af störfum eða hann forfallast varanlega tekur varamaður sæti hans og síðan tilnefnir stjórnin nýjan varamann í stjórnina.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum stjórnar.

Stjórnarlaun skulu ákvörðuð af stjórninni.

7. gr.

Starfssvið og skyldur stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans og að framfylgt sé meginmarkmiðum skipulags- skrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir sjóðinn.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stofnendum skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulega máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Stofnendur geta ekki breytt skipulagsskrá þessari. Með samhljóða atkvæðum allra stjórnarmanna má breyta skipulagsskránni í veigaminni atriðum.

10. gr.

Slit sjóðsins.

Sjóðnum verður slitið ef stjórnin samþykkir slíka tillögu með auknum meirihluta atkvæða (2/3 í lögumatri atkvæðagreiðslu). Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitum. Við slit skulu eignir sjóðsins renna til fyrrgreinds bókasafns á Hólum.

11. gr.

Reikningar.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

12. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

13. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. janúar 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2007